



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 1.2.2021  
Tilvísun: 202101-0031

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 (borgaraleg skylda). 443. mál**

ASÍ veitti Alþingi umsögn um sama mál í mars 2020. Þar segir; „Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill vekja athygli á eftirfarandi. Samkvæmt texta laganna og greinargerðar er gert ráð fyrir því að starfsmenn skuli njóta óbreyttra launakjara við breyttar starfsskyldur. Hins vegar eru löggin og greinargerðin þögn um þá stöðu sem upp kann að koma sé starfsmanni gert skylt að sinna starfsskyldum sem tilheyra starfi sem betur er launað skv. kjarasamningum sem það starf sem hann var ráðinn til. Taka þyrfti af allan vafa um túlkun laganna í þessu efni við þinglega meðferð málsins.“ Sama athugasemd er nú gerð.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.